

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

842. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. september 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð félagsmálaráðs.
2. Fyrirkomulag skólaaksturs v/aukaferðar kynnt
3. Samningur við Gauksmýri ehf.
4. Fyrirspurn um aðgang að vatnslind
5. Samningur við landeigendur að Syðri-Völlum um hitaveitu lagður fram til kynningar.
6. Fyrirhugaður fundur um Málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands Hvammstanga 17. sept. nk.
7. Bréf Orkustofnunar

Afgreiðslur:

1. **Fundargerð félagsmálaráðs, formaður byggðarráðs kynnti.**
Fundargerð 150. fundar félagsmálaráðs frá 27. ágúst sl. Fundargerð í 5 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
2. **Fyrirkomulag skólaaksturs v/aukaferða kynnt.** Skólastjóri grunnskólans er mættur til fundar við byggðarráð. Kynnti hann fyrirkomulag skólaaksturs vegna aukaferða á miðvikudögum. Byggðarráð samþykkir að aukaferð á miðvikudögum verði kl 16:30 en aðalferð kl 14:30 eins og alla aðra daga. Með þessu fyrirkomulagi telur byggðarráð að það sé að koma til móts við kröfur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um biðtíma skólabarna í Húnaþingi vestra. Þetta nýja fyrirkomulag gildir til áramóta og verður tekið til endurskoðunar þá vegna mögulegrar þjónustuskerðingar við yngstu börnin sem sækja tólmstundastarf á Hvammstanga. Byggðarráð vekur athygli foreldra á akstursstyrkjum vegna tólmstundaiðkunar barna og hvetur foreldra til að koma með athugasemdir ef einhverjar eru til skólastjóra sem fyrst.
3. **Samningur við Gauksmýri ehf.** Lagður fram til kynningar leigusamningur við Gauksmýri ehf. um afnot af skólaeldhúsi á Laugarbakka. Samningurinn gildir þar til ný aðstaða til matseldar að Strandgötu verður tilbúin eða í síðasta lagi til 20. desember nk.
4. **Fyrirspurn um að gang að vatnslind.** Byggðarráð frestar erindinu.

5. **Samningur við landeigendur að Syðri- Völlum.** Lagður fram samningur um lagningu hitaveitu að Syðri Völlum. Framkvæmdirnar rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins. Byggðarráð samþykkir samninginn.
6. **Málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands,** kynntur fundur sem haldinn verður á Hvammstanga þann 17. september nk.
7. **Bréf Orkustofnunar** dags 14. ágúst sl. um framlengingu á leyfi Melmis ehf. dags. 23. júní 2004, til leitar og rannsókna á málmum, með síðari breytingum, lagt fram til kynningar.
8. **Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar** dags. 21. ágúst sl. um urðunarstað á Syðri-Kárastöðum- útistandandi frávik og áætluð lokun staðarins. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:24

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir